

## Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs

### 77. fundur haldinn að Lyngási, Egilsstöðum 25.maí 2016

**Mætt:** Ruth Magnúsdóttir, Björn Ármann Ólafsson, Jóhann F. Þórhallsson og Þórhallur Þorsteinsson. Einar Kristinn Haraldsson sat fundinn í gegnum síma. Fjarverandi af aðalmönnum var Steingrímur Karlsson. F.h. Vatnajökulspjóðgarðs sátu fundinn Agnes Brá Birgisdóttir, þjóðgarðsvörður og Stefanía Eir Vignisdóttir.

#### Dagskrá:

1. Dagskrá og undirritun fundargerða
2. Upplýsingamiðstöð í Möðrudal – staða
3. Samstarf við Ferðafélag Íslands/Ferðafélag Fljótsdalshéraðs – staða
4. Snæfellsskáli – viðhald
5. Frá þjóðgarðsverði – starf á austursvæði í sumar
6. Önnur mál

*Formaður setti fund kl. 16.40.*

#### 1. Dagskrá og undirritun fundargerða

Fundargerð 76. fundar var ekki tilbúin til undirritunar. Formaður fór yfir dagskrá fundarins, sem send hafði verið í tölvupósti fyrir fund. Engar athugasemdir gerðar við hana.

#### 2. Upplýsingamiðstöð í Möðrudal – staða

Ruth gaf Agnesi orðið. Agnes sagði frá fundi með Þórði og ábúendum í Möðrudal. Hún sagði fundinn í Möðrudal hafa farið vel, munnlegt samkomulag náðist og verið er að vinna að drögum að samningi. Ábúendur í Möðrudal og stjórn VJÞ vinna að þeim samningi og verður hann tekinn fyrir á fundi stjórnar 1. júní næstkomandi. Agnes kynnti mögulega uppsetningu upplýsingahúss í Möðrudal. Svæðisráð lýsti yfir ánægju með að samningaskrif séu hafin.

Samþykki er komið frá ábúendum í Möðrudal um spurningakönnun í samstarfi við Austurbrú.

#### 3. Samstarf við Ferðafélag Íslands/Ferðafélag Fljótsdalshéraðs – staða

Liðnum frestað þar til seinast á fundinum.

#### 4. Snæfellsskáli – viðhald

Þórhallur tók til máls og sýndi myndir af Snæfellsskála. Hann ræddi mikilvægi þess að sinna viðhaldi húsanna strax. Þá sagði hann nýja stafninn sem klæddur var síðastliðið haust ekki hafa verið nægilega vel klæddur. Vindskeiðin var ekki lögð ofan á klæðninguna, heldur að henni, sem þýðir að mikil hætta er á leka og raka. Allir sammála því á fundinum að þetta þarf að skoða.

Agnes sagði þetta allt réttmæta gagnrýni. Þjóðgarðurinn reyndi að fá Snæfellsskála málaðan 2014 en verktakar stóðu ekki við það. Sumarið 2015 kom seint og gekk ekki upp að mála. Skálinn verður málaður í sumar, ef ekki af verktökum þá starfsmönnum þjóðgarðsins. Verktakar koma að háþrýstipvo og mála þakið.

#### 5. Frá þjóðgarðsverði – Starf á austursvæði í sumar.

Agnes fór stuttlega yfir starfsmannamál í Snæfellstofu undanfarnar vikur, sem einkennst hafa af manneklu vegna veikinda tveggja starfsmanna. Sumarstarfsmenn eru farnir að týnast inn, svo það horfir allt til betri vegar.

Tveir starfsmenn verða í Snæfelli í sumar. Þrír verða á Krepputungu svæðinu; einn í Kverkfjöllum, annar í Hvannalindum og þriðji í Krepputungu. Samstarf verður með landverði í Krepputungu og landvörðum í Drekgili. Ný staða verður í Möðrudal í sumar.

Eftir á að leysa húsnæðismál í Kverkfjöllum. Landverðir voru mjög óánægðir með hjólhýsi í Kverkfjöllum seinasta sumar og þrýsta mikið á þjóðgarðsvörð um breytingar í sumar. Ruth lýsti því yfir að hún væri sammála starfsmönnum og aðstaðan hefði verið óviðunandi seinasta sumar. Agnes tók það fram að þetta mætti einnig skrifa óánægju starfsmannanna á þá sem fluttu hjólhýsið á svæðið mjög óhreint. Að auki lak inn vatn og fannst til gasleka, svo starfsmenn fundu ekki til öryggis í gistingu í því.

Þórhallur ræddi möguleika á gistingu starfsfólks þjóðgarðs í húsnæði FFF í Kverkfjöllum frá sumarbyrjun til 6. júlí og frá 18. ágúst og út tímabilið á svefnlofti eða í Meyjarskemmu. Annað ekki í boði, nema tekið verði loftið fyrir ofan eldhúsið undir starfsfólk og gistirýmum fækkað. Slíkt þyrfti að ræða frá hausti.

Verið er að vinna að fræðsluáætlun fyrir þjóðgarðinn, Sigprúður Stella sér um þá skipulagningu, og er ætlunin að skrá betur gestakomur hjá þjóðgarðinum, sem nota má svo til vinnslu á betri fræðsluáætlun.

Agnes ræddi um rör í árnar á vegi F905 og gaf Þórhalli orðið. Talsverðar líkur á því að settir verði hólkar í Álftadalsána og Þríhryningsána í sumar. Einnig breyta veginum frá Lambafellinu að veginum niður í Laugavalladal (hluti F910).

Næst voru ræddir hólkar í Volgu. Þórhallur minntist á að uppsetning hólka verði mjög mikil vinna og af henni verði mjög mikið rask. Stakk hann upp á því að nota ætti tækifærið og færa bílastæðið í leiðinni. Agnes sagði deiliskipulagið á dagskránni í sumar.

## 6. Önnur mál

Tekinn var fyrir liður nr. 3: Samstarf við Ferðafélag Íslands/Ferðafélag Fljótaldalshéraðs.

Ruth gaf Þórhalli orðið. Þórhallur kynnti samningaviðræður seinustu mánuða milli FFF og Vatnajökulþjóðgarðs. Búið er að leggja fram tilboð í greiðslu á salernisaðstöðu, en á eftir að semja um það. Ekkert hefur verið rætt formlega við FFF um aðstöðu fyrir starfsfólk.

Agnes sagði það mikilvægt að ræða málin betur og fá á hreint hvað nákvæmlega er innifalið í tilboði þjóðgarðsins og ná samingum.

*Þórhallur vék af fundi.*

Umræður um fundi milli þjóðgarðs og ferðafélaga og mikilvægi samningaviðræðna og samningagerða. Svæðisráð lýsir yfir ánægju með að þetta samningaferli sé komið af stað og leggur áherslu á að aðstaða starfsmanna verði leyst og í sumar verði ekki notast við sömu aðstöðu og í fyrra sumar.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

*Fundi slitið kl. 18.35.*

Stefanía Eir Vignisdóttir ritaði fundargerð